

11. JANÚAR
2024

HARPA
ELDBORG

Enigma- tilbrigðin

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Ballaða 12'

Fiðlukonsert 22'

Tilbrigði 35'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Enigma-tilbrigðin

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 11. JANÚAR KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Leila Josefowicz
einleikari

Samuel Coleridge-Taylor

Ballaða í a-moll, op. 33 (1898)

Helen Grime

Fiðlukonsert (2016)

Hlé

Edward Elgar

Enigma-tilbrigðin, op. 36 (1898–99)

Stef (Enigma) Andante

I (C.A.E.) L'istesso tempo

II (H.D.S-P.) Allegro

III (R.B.T.) Allegretto

IV (W.M.B.) Allegro di molto

V (R.P.A.) Moderato

VI (Ysobel) Andantino

VII (Troyte) Presto

VIII (W.N.) Allegretto

IX (Nimrod) Adagio

X (Dorabella) Intermezzo: Allegretto

XI (G.R.S.) Allegro di molto

XII (B.G.N.) Andante

XIII (***) Romanza: Moderato

XIV (E.D.U.) Finale: Allegro

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Daníel Bjarnason

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands í rúman áratug, bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann var staðarlistamaður á árunum 2015–2018 og aðalgestastjórnandi árin 2019–2021, en starfar nú með sveitinni sem „listamaður í samstarfi“ (Artist in Association). Tónsmíðar Daníels hafa vakið mikla athygli víða um heim og hafa margsinnis hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna, auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Fílharmóníusveitirnar í Los Angeles, New York og Helsinki, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Tókyó, Gautaborg, Melbourne, Berlín, Zurich, San Francisco, London, Vín og svo mætti áfram telja. Hann hefur gefið út plötur hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community og Sono Luminus. Meðal helstu nýlegra verka Daníels eru óperan Brothers, fiðlukonsertinn Scordatura, píanókonsertinn FEAST og slagverkskonsertinn Inferno. Nýtt verk eftir Daníel hlaut Íslandsfrumflutning sinn á upphafstónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2023, en það er verkið Echo / Narcissus úr þríleiknum I Want To Be Alive þar sem Daníel veltir fyrir sér mörkum mennsku og meðvitundar í heimi gervigreindar. Daníel hefur stjórnað nokkrum hljóðritunum með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir Sono Luminus. Þannig hafa fjórar plötur útgáfunnar með íslenskri tónlist í flutningi hljómsveitarinnar vakið mikla athygli og var ein þeirra tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir besta hljómsveitarflutning. Daníel stjórnaði hljómsveitinni á nýlegu hljóðriti sveitarinnar með verkum Jóhanns Jóhannssonar sem Deutsche Grammophon gaf út í september síðastliðnum.



© Tom Zimmeroff

Leila Josefowicz

EINLEIKARI

Leila Josefowicz er fædd í Ontariofylki í Kanada árið 1977 en fluttist með fjölskyldu sinni ung að árum til Los Angeles í Bandaríkjunum, þar sem hún hóf fiðlunám þriggja og háls árs gömul samkvæmt Suzuki-aðferðinni. Þrettán ára gömul innritaðist hún í Curtis-tónlistarháskólann í Filadelfíu og var farin að koma fram sem einleikari með helstu hljómsveitum heims fyrir tvítugt. Leila Josefowicz hefur verið í fremstu röð fiðluleikara á heimsvísu í áratugi, en hún var undrabarn á hljóðfærið. Á fullorðinsárum hefur Josefowicz helgað sig nýrri tónlist öðru fremur og hefur starfað náið með helstu tónskáldum samtímans að frumflutningi nýrra verka. Má þar nefna John Adams, Thomas Adès, Esa-Pekka Salonen, Oliver Knussen og Matthias Pintscher. Hún hlaut hin virtu MacArthur-verðlaun árið 2008 „fyrir að auka við efnisskrá hljóðfæris síns og að heilla áheyrendur með því að tefla hinu framsækna og fjölbreytta á móti hinu hefðbundna“. Árið 2018 hlaut hún bandarísku Avery Fisher-verðlaunin sem stofnað var til árið 1974 og veitt eru einleikurum fyrir einstaka frammistöðu. Á síðustu árum hefur Josefowicz komið fram með hljómsveitum á borð við Fílharmoníusveit Berlínar, Tonhalle-hljómsveitina í Zurich, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam og Sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, San Fransisco, Cleveland og Filadelfíu. Hún hefur gefið út fjölda hljóðritana undir merkjum Deutsche Grammophon, Philips og Warner. Hún er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári og eru þetta aðrir tónleikar hennar með sveitinni í vetur, auk þess sem hún leikur á einleikstónleikum í föstudagsröðinni annað kvöld. Þar mun hún flytja *La linea evocativa: Teikning fyrir einleiksfíðlu* eftir Matthias Pintscher og *Partítu fyrir einleiksfíðlu nr. 2* eftir Johann Sebastian Bach.



Tónlistin á Íslandi

Þorsteinn H. Hannesson söngvari flutti kafla úr kantötunni Hiawatha's Wedding Feast í lok árs 1944 en þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur verk eftir Coleridge-Taylor.

Samuel Coleridge-Taylor

BALLAÐA Í A-MOLL, OP. 33

Samuel Coleridge-Taylor (1875-1912) var enskt tónskáld, hljómsveitarstjóri og aktívisti. Hann átti enska móður og föður frá Sierra Leone og var undir áhrifum frá vestur afrískri þjóðlagahefð en hlaut hefðbundið klassískt evrópskt tónlistaruppeldi. Edward Elgar, Arthur Sullivan og Charles Villiers Stanford, sem voru helstu tónskáld Bretlands þess tíma, höfðu mikla trú á honum og hvöttu hann til dáða. Það var í raun Elgar sem var valdur þess að Coleridge-Taylor fékk pöntun frá Three Choir Festival í Gloucester í Englandi um að semja ballöðuna í a-moll. Skipuleggjendur hátíðarinnar höfðu beðið Elgar um að semja verk en hann afþakkaði á eftirfarandi hátt: „Ég hef viðtekið beiðni um að skrifa stutt hljómsveitarverk fyrir kvöldtónleikana. Því miður er ég of upptekinn til þess að taka það að mér. Ég óska, óska, óska þess að þið mynduð biðja Coleridge-Taylor um verk. Hann er enn að leita að viðurkenningu, og hann stendur framur jafningjum sínum að gáfum. Vinsamlegast látið ekki nefndina ykkar missa af þessu tækifæri til að gera góðverk.“

Það fór svo að Coleridge-Taylor fékk þessa pöntun, aðeins ári eftir að hann lauk háskólanámi frá Royal College of Music. Verkið var frumflutt 12. september 1898 undir stjórn tónskáldsins sjálfs. Það er í einum kafla og er um 12 mínútur að lengd. Klassísk verk sem eru titluð ballöður geta verið í hvers konar formi sem er, en oftast eru þær með mikla lýrik og sterka tilfinningu fyrir dramatískri frásögn. Verk Coleridge-Taylor er þar engin undantekning. Það hefst með rytmískum stormsveipi sem að lokum vikir fyrir dásamlega lagrænu stafi í strengjum. Þessar andstæður takast svo á í gegnum allt verkið. Tónskáldið sýnir leikni sína í að skrifa fyrir hljómsveit í þessu verki og birtist þar sterklega skýr höfundarrödd hans. Á sama tíma er hann undir áhrifum frá tónskáldum eins og Brahms, Tsjajkovskíj og Dvorák sem voru hans fyrirmyndir í tónlist.



Tónlistin á Íslandi


Þess má geta að Helen Grime er viðstödd tónleika kvöldsins en Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur nú í fyrsta sinn verk eftir Grime og er þetta því frumflutningur konsertsins á Íslandi.

Helen Grime

FIÐLUKONSERT

Skoska tónskáldið Helen Grime (1981) hóf tónlistarnám ung að árum og lagði stund á óbóleik. Hún var umkringd tónlistarfólki í æsku og voru móðir hennar, amma og afi tónlistarkennarar. Hún hlaut hvatningu heima fyrir til þess að semja tónlist og í skólanum hennar bauðst nemendum að fara í tónsmíðatíma, sem hún þáði. Hún lærði meðal annars hjá Sally Beamish og Hafliða Hallgrímssyni. Grime lauk prófi í óbóleik frá Royal College of Music en þar var hún einnig í tónsmíðatímum hjá Julian Anderson og Edwin Roxburgh. Fljótlega eftir útskrift fór hún að leggja mesta áherslu á tónsmíðar og hefur hún hlotið margvísleg verðlaun þrátt fyrir ungan aldur. Árið 2003 vann hún til Bresku tónskáldaverðlauna fyrir óbókonsert sinn. Þá hlaut Helen Grime Leonard Bernstein styrkinn til þess að starfa og nema við Tanglewood tónlistarmiðstöðina árið 2008. Hún hefur verið staðartónskáld hjá Hallé hljómsveitinni og við Wigmore Hall. Hún er nú prófessor við Royal Academy of Music í London.

Fiðlukonsertinn varð til í kjölfar samvinnu við sænska fiðluleikarann Malin Broman og tók meðganga hans mörg ár. Grime heillaðist mjög af hörku, krafti og ástríðu í spilamennsku Broman. Í samtölum við Broman áttaði Grime sig á því að hana langaði til þess að vinna með andstæður í konsertinum sínum - andstæður ofsa og villimennsku, og blíðu og mýktar. Konsertinn er í einum kafla sem skipta má í þrjá hluta sem draumkenndar tengingar binda saman. Hann hefst með miklum ákafa og gefur hlustandanum engin grið með rytmískum punkteraðum yfirgangi. Undir niðri dylst þó einhver leyndardómur sem birtist í viðkvæmu og íhugulu víravirki og sveiflast á milli flaututóna og leitandi laglína. Konsertinn er mjög virtúósiskur og reynir á allt svið fiðlunnar. Verkið var pantað af Sinfóníuhljómsveit sænska útvarpsins og var það frumflutt af hljómsveitinni og Broman undir stjórn Daniel Harding í desember 2016.



Edward Elgar

ENIGMA-TILBRIGÐIN, OP. 36

Það tók Edward Elgar (1857-1934) talsvert langan tíma að öðlast viðurkenningu sem tónskáld. Tónlist frá meginlandi Evrópu átti tónlistarsviðið á síðari hluta 19. aldar og gullöld Bretlands í tónlist var löngu yfirstaðin. Þá var Elgar jafnframt utangarðsmaður heima fyrir. Hann var sonur organista, hætti í skóla þegar hann var 15 ára gamall og hóf að vinna fyrir sér. Hann var leikinn á fiölu og spilaði einnig á fagott og orgel og starfaði sem stjórnandi. Hann var sjálfmenntað tónskáld. Þrátt fyrir að hafa samið talsvert af verkum upplifði hann að sú tónlistarakademía sem réð lögum og lofum í ensku tónlistarsenunni hefði lítinn sem engan áhuga á framlagi hans. Hversdagurinn einkenndist af fátækt og striti, löngum dögum við kennslu og útsetningar, til þess að ná endum saman.

Enigma tilbrigðin urðu til í hálfgerðu bríarí á októberkvöldi 1898 þegar Elgar settist við píanóið og hóf að leika sér að litlu stafi. Alice eiginkona Elgars lagði við hlustir og þó svo að Elgar teldi lítið virði í því sem hann var að gera hélt hann áfram að leika sér að stefinu og spinna tilbrigði sem drógu upp skopstælingu af vinum þeirra og kunningjum. „Powell [tónlistarvinur þeirra, og að lokum viðfang tilbrigðis II] hefði gert þetta, eða Nevison [tilbrigði XII] hefði gert þetta...“. Alice gerði sér grein fyrir því að hér var eitthvað einstakt á ferðum og kallaði upp yfir sig: „Þú ert að gera eitthvað sem aldrei hefur verið gert fyrr.“ Að lokum taldi Elgar að þetta verk gæti öðlast vinsældir, lauk við það og sendi handritið til Hans Richter sem var einn fremsti og virtasti hljómsveitarstjóri þess tíma. Richter sá strax möguleika verksins, tók það upp á sína arma og stjórnaði frumflutningi þess í St. James's Hall í London 19. júní 1899. Það að fá Richter að verkefninu tryggði í raun jákvæðar viðtökur fyrir fram, því hann átti stóran og dyggan aðdáendahóp en verkið hlaut mikið lof strax frá fyrsta flutningi. Tilbrigðin tryggðu Elgar viðurkenningu og hylli og í kjölfarið varð hann leiðandi í ensku tónlistarlífi.

Tónlistin á Íslandi

Á tónleikunum í kvöld flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands Enigma tilbrigði Elgars í áttunda sinn. Hljómsveitin lék þau fyrst árið 1978 en þá var það Stuart Bedford sem stjórnaði verkinu í Háskólabíói. Síðast flutti sveitin verkið í heild sinni á tónleikum vorið 2017 undir stjórn Yan Pascal Tortelier. Hljómsveitin hefur jafnframt flutt Nimrodkaflann einan og sér í fjölda skipta og hafði Rumon Gamba-kaflann oft sem aukalag á tónleikum, einkum á tónleikaferðum erlendis, þegar hann var aðalhljómsveitarstjóri sveitarinnar.

Ráðgátan, sem Elgar býður okkur upp á og titill verksins gefur til kynna, er í raun tvíþætt. Annars vegar þarf að greina þá einstaklinga sem tilbrigðin hverfast um, þá „vini sem birtast innan verksins.“ Þessi ráðgáta var auðleyst að mestu og samtímafólk Elgars vissi fljótlega hverjir leyndust þar, því Elgar merkti tilbrigðin með skammstöfunum eða gælunöfnum. Hins vegar tilkynnti tónskáldið um aðra ráðgátu í efnisskrá fyrir frumflutning verksins: „Þessa ráðgátu mun ég ekki útskýra – hennar „dökku sögn“ (e. dark saying) verður að skilja eftir ósagða... í gegnum allt verkið er annað og stærra þema sem finna má en er ekki spilað – svo meginþemað birtist okkur aldrei...“

Þessi skrif Elgars um hið leynda þema gerði alla mjög forvitna og fjöldinn allur af tilgátum urðu til. Á meðal þess sem lagt hefur verið til í áráttu rás er að þemað tengist Fúgulist Bachs, Pathétique sönötu Beethovens, sonnetum Shakespeares, biblíunni og sálmum. Elgar dró síst úr forvitni fólks með athugasemdum á borð við: „Þemað er svo vel þekkt að það er með ólíkindum að engum hafi tekist að merkja það,“ sem hann sagði við Arthur Troyte Griffith (sem birtist okkur í tilbrigði VII). Eða þegar hann sagði við vinkonu sína Dora Penny (Dorabella í tilbrigði X) að hann væri alveg hvumsa yfir því að „hún af öllum“ hefði ekki getað leyst ráðgátuna. En á sama tíma neitaði hann alfarið að gefa upp leyndarmálið, og þannig hélt hann spennunni um ráðgátu verksins gangandi. Væntanlega var það aðeins Alice eiginkona Elgars og vinur hans, August Jaeger, sem þekktu leyndarmálið um hið óleikna þema, ef það er yfir höfðuð að finna í verkinu.

Þorbjörg Daphne Hall

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiöla

Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Emma Garðarsdóttir
Ísak Ríkharðsson
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Guðbjartur Hákonarson

2. fiöla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Justyna Bidler
Kristján Matthíasson
Pétur Björnsson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Greta Guðnadóttir
Ingrid Karlsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Sarah Buckley
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Úlfhildur Þorsteinsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Margrét Árnadóttir
Guðný Jónasdóttir
Urh Mrak
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir

Bassi

T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Astrid Bjelland
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins

Klarínett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason

Fagott

Ignas Mazvila
Guðrún Erlendsdóttir
Briþjónn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Maximilian Riefellner

Trompet

Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Jóhann Ingvi Stefánsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Katie Buckley

Selesta

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnisdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður

Á döfinni

18.01 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Myndir á sýningu

Efnisskrá þessara fjörmiklu tónleika stefnir saman ólíkum listformum en þeir hefjast á fjórum dönsum úr balletti argentínska tónskáldsins Alberto Ginastera, þar sem hinir suður-amerísku gaucho-kúrekar eru aðalsöguhetjurnar. Sellókonsert Önnu Clyne, Dance, sækir á hinn bóginn í ljóð persneska ljóðskáldsins Rumi og ber hver þátta hans titil úr ljóðum hans. Verkið hefur hlotið fádæmagóðar viðtökur fyrir hrifandi fagrar laglínur, faguð litbrigði í hljómsveitarskrifum og mikla tilfinningalega dýpt.

Eftir hlé hljómar eitt frægasta verk Modests Mússorgskíjs, Myndir á sýningu. Verkið leiðir hlustandann á eins konar göngu um sýningu þar sem staldrað er við áhrifamiklar myndir sem tendra ímyndunaraflið með vísunum í ævintýri, þjóðsögur og sögufræga staði. Útsetning Maurice Ravel fyrir sínfóníuhljómsveit er snilldarleg og bætir við enn einni vídd í þetta stórbrotna verk.

25.01 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Jónas Ásgeir og Gjørningaklúbburinn

Á tónleikum Sínfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músíkdögum 2024 fá tónleikagestir að upplifa nýstárlegt verk Gjørningaklúbbsins, Flökkusínfónu, sem býður upp á „abstrakt ferðalag þvert á tungumál þar sem flökkutaugin, samkenndartaug líkamans er virkjuð.“ Við gerð þessa verks fengu þær Eirún Sigurðardóttir og Jóní Jónsdóttir tónskáldin Unu Sveinbjarnardóttur og Ólaf Björn Ólafsson til liðs við sig ásamt einvala liði kvikmyndagerðarfólks, dansara, leikara og fimleikafólks.

Á fyrri hluta tónleikanna er íslensk samtímatónlist í aðalhlutverki. Jónas Ásgeir Ásgeirsson harmonikkuleikari vann Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins síðasta vor, en hann hefur vakið mikla athygli hér heima og erlendis fyrir virtúósisík tók sín á hljóðfærinu og framúrskarandi túlkun á nýrri tónlist. Hér leikur hann tvo ólíka og hrifandi konserta með hljómsveitinni, annars vegar verk Þuríðar Jónsdóttur, Installation around a Heart og hins vegar harmonikkukonsert Finns Karlssonar. Tónleikarnir hefjast hins vegar á nýju verki Bergrúnar Snæbjörnsdóttur, Striations, sem pantað var af Sínfóníuhljómsveitinni í Birmingham árið 2022.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Grosvenor leikur Busoni

1. FEBRÚAR

Píanókonsert Busonis er eitt stórbrotnasta verk sinnar tegundar.

Því er einstaklega ánægjulegt að einn fremsti píanóleikari samtímans, hinn breski Benjamin Grosvenor, leiki verkið í Eldborg með Sinfóníuhljómsveit Íslands og karlakórnum Fóstbræðrum.

Á undan þessum stærsta píanókonserti sögunnar hljómar meistaraverk Prokofíevs, *Klassíska sínfónían*, sem endurómar fagurfræði 18. aldar og gefur hvergi eftir í hugmyndaauðgi og snilldarlegu handbragði.

Hljómsveitarstjóri Kornilios Michailidis

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS